

22. FUNDUR Í ÚTHLUTUNARNEFND UPPBYGGINGARSJÓÐS VESTURLANDS

HALDIN Á BJARNARBRAUT 8, MIÐVIKUDAGINN 20. SEPTEMBER 2023 KL. 10:00

Fundur haldinn í úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs Vesturlands, miðvikudaginn 20. september kl. 10:00 að Bjarnarbraut 8, Borgarnesi.

Mætt voru:

Úthlutunarnefnd: Helena Guttormsdóttir formaður stjórnar, Jónína Erna Arnardóttir, Sigríður Finsen, Kristján Sturluson og Brynjar Sigurðsson

Fagráð: Elva Ösp Magnúsdóttir formaður, Ingunn Stefánsdóttir, Trausti Gylfason.
Forföll: Nanna Guðmundsdóttir, Guðsteinn Einarsson og Sædís Alexía Sigurmundsdóttir

Auk þess sátu fundinn eftirtaldir starfsmenn SSV: Helga Guðjónsdóttir, Hrafnhildur Tryggvadóttir, Ólöf Guðmundsdóttir, Páll S. Brynjarsson og Svala Svavarsdóttir sem jafnframt ritaði fundargerð.

1. Fundarsetning

Helena setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Hún gaf Svölu Svavarsdóttur orðið sem fór yfir skipulag fundarins.

2. Umsóknir um styrki til atvinnu- og nýsköpunarstyrkja seinni útlutun 2023

Fagráð og úthlutunarnefnd sjóðsins ræddu allar umsóknirnar sem bárust og fengu álit og mat frá atvinnuráðgjöfum. Samþykkt var að úthluta kr. 10.650.000 kr. til 11 verkefna, en alls bárust 23 umsóknir um styrki.

3. Niðurfelldir eldri styrkir

Svala kynnti uppsafnað fé 2020-2023 sem kemur til vegna niðurfellingu á styrkjum. Rúmlega 18 mkr. eru til ráðstöfunar og ákveðið var að stefna á sérstaka úthlutun í mars/apríl 2024 og veita stærri öndvegisstyrki.

4. Úthlutunarhátíð Uppbyggingarsjóðs

Að þessu sinni verður ekki haldin sérstök úthlutunarhátíð heldur verða styrkirnir 11 veittir á Frumkvöðla- og fyrirtækjamóti á Vesturlandi „Nýsköpun í vestrí“ sem fram fer föstudaginn 29. september í Hjálmakletti í Borgarnesi.

5. Úthlutun 2024

Rætt um næstu úthlutun sem er janúarúthlutun 2024. Ákveðið að Svala setji upp timalínu fyrir umsóknarfrest, yfirllestur og fundi fagraðs og úthlutunarnefndar og sendi á hópinn.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:40.